



**Greinargerð vegna mannvistarlaga og hleðslu í Angró,
Hafnargötu 37, Seyðisfirði**

Rannveig Þórhallsdóttir
2020

*Forsíðumynd: Í bakgrunni myndarinnar, næst svarta skipinu, stendur Angró.
Myndin er líklega tekin um 1900.*



Sagnabrunnur

© Rannveig Þórhallsdóttir
Unnið fyrir Seyðisfjarðarkaupstað
Apríl 2020.

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: MÍ202004-0035/06.10/U.Æ.

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur): Mat á aldri og umfangi minja sem fundust í gólfi Angró, Seyðisfirði.

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn.

Staðsetning: Angró, Seyðisfjarðarkaupstað, Austurlandi.

GPS hnit: ISN93: A 733627, N 538889 (miðjuhnit steinhleðslunnar).

Rannsóknartími: 7.-17. apríl 2020.

Leyfishafi: Rannveig Þórhallsdóttir f.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Fjöldi starfsmanna: einn.



Útdráttur:

Fornleifafræðingur lagði mat á mannvistarlög og minjar (stein- og múrsteinshleðsla) sem fundust þegar viðgerð stóð yfir á gólfi sögufræga bryggjuhússins Angró á Seyðisfirði. Skoðun á vettvangi leiddi í ljós að samhengi hafði verið raskað umtalsvert í gegnum aldirnar. Þar mátti sjá hreyfðar mannvistarleifar frá 1881-1970. Gjóskulag úr Öskju 1875 fannst nálægt múrhleðslu og virtist vera rétt undir því lagi sem múrhleðslan stóð á. Niðurstaða fornleifafræðings var að elstu mannvistarlögin og minjarnar tengist fyrsta byggingarstigi Angró frá 1881.

An archaeologist evaluated human occupational layers and a structure of stone and bricks that were found under the floor of the historical building Angró in Seyðisfjörður during repairment phase. Field evaluation indicated that the soil had been moved several times through the ages. It showed human occupation from 1881-1970. The tephra of Askja from 1875 could be found near the brick structure, it seemed to be at the same layer as was under the brick structure. The archaeologist conclusion is that the oldest human occupation layers evaluated were from the oldest building phase of Angró, that is from 1881.

Forsaga rannsókna: Samkvæmt bréfi MÍ202004-0035/ 06.10 / U.Æ. voru byggingarframkvæmdir í Angró, Seyðisfirði stöðvaðar þann 7. apríl 2020 þar sem mannvistarlög höfðu komið í ljós undir gólfi. Samkvæmt bréfi minjarvarðar var talið að mannvistarlögin væru eldri en húsið sjálft. Undirritaður fornleifafræðingur lagði í kjölfarið mat á aldursfriðaðar minjar að beiðni byggingarfulltrúa Seyðisfjarðarkaupstaðar. Ekki var um eiginlegan uppgröft að ræða, heldur aðeins hreinsað lauslega frá minjum, þær teiknaðar upp og myndaðar. Vinna á vettvangi stóð yfir 8., 16. og 17. apríl.

Stjórnsýsla og fjármögnun:


Smiðir sem unnu við framkvæmdir og byggingarfulltrúi Seyðisfjarðarkaupstaðar settu sig í samband við Minjastofnun Íslands til að tilkynna um minjar í Angró og framkvæmdir síðan stöðvaðar eins og áður segir. Seyðisfjarðarkaupstaður réð undirritaðan fornleifafræðing til að framkvæma matið og skrifa greinargerðina.

Uppmælingakerfi:

GPS hnit: ISN93: A 733627, N 538889 (miðjuhnit steinhleðslunnar).

Í skýrslunni er talað um N út fjörðinn, V niður að sjó, A upp í fjallshlíð og S inn fjörðinn.

Aðferðir á vettvangi: Eins og áður segir var ekki um eiginlegan uppgröft að ræða. Fornleifafræðingur hreinsaði lauslega frá minjum, teiknaði upp minjar, ljósmyndaði og lagði mat á mannvistar- og gjóskulög.



Mynd 1. Teikning af hleðslu sem fannst inni í fyrrum íbúðarluta Angró, Seyðisfirði. Stærð 1:20.



Mynd 2. Hleðslan í miðju elsta hluta íbúðarhúss Angró.

Samkvæmt Elvari Má Kjartanssyni, einum smiðanna sem unnið hefur að endurbótunum, voru upprunanleg gólfborð í húsinu ekki lengur til staðar þegar framkvæmdirnar hófust. Eins og kom fram í bréfi minjavarðar hreinsuðu smiðirnir í burtu steipt gólf í framkvæmdunum. Þá tóku þeir eftir því að gólfið hafði verið steipt ofan á mismunandi undirlög, sitthvorum megin við hleðsluna í miðju hússins. Efnið undir steypunni í þeim hluta hússins sem snýr að

skipasmíðastöðinni virtist vera grús eða möl, en í efnið í þeim hluta hússins sem snýr að frýstihúsinu virtist annars konar, þ.e. stórgrýti og mold.

Í Angró hefur í gegnum tíðina verið stunduð margskonar starfsemi tengd útgerð og verslun. Loftið einnig notað til leiksýninga, samkomuhalds og opinberra móttakna. Á stríðsárunum voru Bretar með verkstæði fyrir kafbátagirðingar niðri en kvikmyndasál á loftinu.¹ Fjallað er ítarlega um sögu Angró í skýrslu Elfu Hlínar Pétursdóttur sagnfræðings um bryggjuhúsin á Seyðisfirði.² Eins og sjá má á mynd 2 hefur vettvangi verið raskað umtalsvert vegna framkvæmdanna (viðgerð á gólfi og burðarvirki) sem eru til verndar hússins til framtíðar, en við skoðun var þó greinilegt að í gegnum aldirnar hefur yfirborði verið hreyft umtalsvert, til að mynda sást plast víða við hreinsun.

Á vettvangi fundu smiðirnir margvíslega gripi (s.s. múrsteina, gler -s.s. brot af bolla með W.M.C.A., keramikbrot, emileraðan disk) og margvísleg dýrabein. Sjá má hluta gripanna á myndunum hér fyrir neðan. Eftir lauslega skoðun á gerð gripanna má draga þá ályktun að þarna hafi fundist gripir og bein úr hreyfðum mannvistarlögum sem tengjast búsetu í íbúðarhúsinu Angró á árabílinu ca. 1881-1970. Við skoðunina á gripunum var ekki hægt að draga þá ályktun að þeir væru eldri en skráð búseta í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar gefur til kynna.



¹ Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, Þóra Guðmundsdóttir (1995), bls. 244.

² Bryggjuhús á Seyðisfirði – saga þeirra og hlutverk. Angró, skipasmíðastöðin og Þórshamar, Elfa Hlín Pétursdóttir (2004), bls. 8-16.



Myndir 3-8. Dýrabein og gripir sem smiðir héldu til haga.

Einnig mátti finna korkbrot víða á yfirborði jarðvegs á framkvæmdarstað. enda kemur fram í Húsasögu Seyðisfjarðar að veggir, gólf og loft Angró hafi verið einangrað með korki. ³

Steinhleðsla

Umrædd hleðsla sem sést á mynd 2 er í miðju gamla íbúðarhússins í Angró og liggur A-V. Hleðslan er um 6 m á lengd) og um 70 cm á breidd. Í hluta gamla íbúðarhúss Ottó Wathne má sjá steinhleðslur undir hluta útveggja eins og teiknað hefur verið upp á mynd 1 og sjá má dæmi um á mynd 9. Steinhleðslurnar undir hluta útveggja virðast líkar steinhleðslunni í miðju hússins. Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar kemur fram að Ottó Wathne reisti íbúðarhluta Angró árið 1881 og bjó þar



Mynd 9. Undir útveggjum má sjá steina, svipaða þeim og eru í hleðslunni í miðju hússins.

í þrjú ár, eða þar til hann flutti árið 1884 í Wathneshúsið hinum megin götunnar. Í húsavirðingu frá 6. apríl 1881 er íbúðarhúsinu í Angró svo lýst: „Það er 20 ál á lengd og 10 ál að breidd, með gólfi og lofti í öllu húsinu, uppi eru 3 herbergi og er sá partur ætlaður til íbúðar, áfastur húsinu er fiskiskúr, jafnlangur en 5 $\frac{3}{4}$ ál á breidd.“⁴

³ Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, Þóra Guðmundsdóttir (1995), bls. 243.

⁴ Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, Þóra Guðmundsdóttir (1995), bls. 243.

Í Húsasögunni kemur einnig fram að húsið Angró hafi verið stækkað strax um haustið 1881 og það mikið endurbætt.⁵ Í húsavirðingu frá 31. október 1881 segir „Hús O. Wathnes á Búðareyri, 45 ál langt og 20 ál breitt, það er aukið mikið og allt endurbætt síðan í fyrra og yfirhöfuð mjög vandað. Fremri hluti hússins er eingöngu ætlaður til síldarsöltunar en efri endinn er ætlaður til íbúðar, með 2 herbergjum niðri með ofnum og eldhúsi með kabyssu, uppi eru 2 herbergi. Veggir, gólf og loft í þessum hluta er tvöfalt og stoppað með korki á milli. Hús þetta er virt á 6000 krónur.“⁶ Árið 1889 sameinaði Ottó í eitt hús síldarsöltunarhús, íbúðarhús og sjómannahús og segir svo í húsavirðingu: „Síðan síðasta virðing fór fram 13. jan 1886 hefur þessi húseign tekið miklum breytingum þannig að húsin a, b og c eru sameinuð í eitt hús, í húsinu b, sem áður var eingöngu síldarhús, er byggt eldhús, verslunarbúð með skrifstofu og stóru fordyri, einnig eru þar affiljuð tvö herbergi fyrir vörur og matvæli.“⁷

Elsti hluti íbúðarhússins Angró var 20 ál að lengd og 10 ál að breidd. Því er líklegt að steinhleðslan sem sést á mynd 2 hafi því verið burður undir miðju elsta hluta íbúðarhússins Angró frá 1881.

Múrsteinar

Forvitnilegt var að sjá röð sex rauðra múrsteina yfir tvöföldu lagi múrsteina í steinhleðslunni í miðju Angró, sjá mynd 10. Á múrsteinunum mátti sjá leifar af því sem virðist vera grátt múrlím og það voru morknaðar víðarleifar norðan- og sunnan við múrsteinana. Hleðslan utan um múrsteinana er um 100 x 90 cm að stærð.

Einnig var að finna múrsteina í A-enda steinhleðslunnar sem sjást á mynd 11.

Í Húsasögu Seyðisfjarðarkaupstaðar kemur fram að Angró sé grindarhús eða bindingsverkshús og fyllt í bindinginn með múrsteini.⁸

Á yfirborði framkvæmdasvæðisins mátti víða sjá samanlímda múrsteina sem gætu hafa verið úr bindingsverki veggja hússins eins og sjá má á mynd 12. Í hluta veggjar í austurhluta hússins standa enn múrsteinar sem notaðir voru sem byrði í húsinu, sjá mynd 13.



Mynd 10. Röð múrsteina sem sjá má í steinhleðslunni í miðju hússins.

⁵ Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, Þóra Guðmundsdóttir (1995), bls. 243.

⁶ Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, Þóra Guðmundsdóttir (1995), bls. 243.

⁷ Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, Þóra Guðmundsdóttir (1995), bls. 243-244.

⁸ Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar, Þóra Guðmundsdóttir (1995), bls. 244.



Mynd 11. Múrsteinar fundust einnig í A-enda steinhleðslunnar.

Þóra Guðmundsdóttir arkitekt og höfundur Húsasögu Seyðisfjarðar þekkir manna best gömlu húsin á Seyðisfirði og kom að beiðni undirritaðrar á staðinn til þess að aðstoða við skoðunina á stein- og múrsteinshleðslunni. Það var samdóma álit okkar að þó að hleðslan virtist ekki alveg bein m.v. útlínur hússins (hallar örlítið til N) þá eru allar líkur á því að hún tengist elstu byggingu Angró. Einnig er hugsanlegt að tveir steinar úr henni hafi hrunið til norðurs (sjá mynd 1).

Múrsteinarnir í hleðslunni gætu bæði tengst ofni sem var í elsta hluta íbúðarhúss Ottós Wathne, hugsanlega

kabyssu sem minnst var á í fyrstu húsavirðingunni frá 1881. Líklegt að hluti múrsteinanna hafi tilheyrt bindingi hússins og verið brotnir niður áður en gólfið var steyppt.



Mynd 12. Í hreyfðu yfirborði á framkvæmdarsvæði, S við steinaröð í miðju, mátti sjá þessa múrsteina sem virðast hafa verið límdir saman með múrlími.



Mynd 13. Í N vegg Angró má sjá þessa múrsteina sem virðast hafa verið límdir með múrlími.

Niðurstöður og túlkun:

Eins og áður hefur verið greint frá er vettvangur framkvæmdarsvæðis mjög raskaður vegna framkvæmda í gegnum aldirnar. Undirrituð telur að stein- og múrsteinshleðslan í miðju hússins tengist að öllum líkindum fyrsta byggingarstigi íbúðarhússins Angró frá 1881. Því er ólíklegt að um eldri minjar sé að ræða.

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 80/2012 er Angró friðað, en framkvæmdir þær sem nú standa yfir eru unnar í samráði og með styrk frá Húsafriðunarnefnd.

Minjastofnun Íslands mun nú ákvarða hvort og með hvaða hætti varðveita eigi minjarnar í Angró.

Seyðisfirði, 19. apríl 2020.

Rannveig Þórhallsdóttir, MA í fornleifafræði.